

**Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar**  
**Strandgötu 6**  
**220 Hafnarfirði**

Reykjavík, 28. apríl 2021

## **Efni: Beiðni til byggingarfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi.**

Bréf þetta er fylgigagn með „Fyrirspurn til byggingarfulltrúa“

### **Stutt lýsing á erindi:**

Félagið VILLIKETTIR óskar eftir breytingu á svæði á deiliskipulagi bæjarins sem lýtur að skipulagi hesthúsa í Hlíðarþúfum á þá leið að óumdeilt sé að umönnun villi- og vergangskatta sé heimil á svæðinu. Ekki er um að ræða ræktun katta, heldur aðeins umönnun geldra katta.

### **Lengri lýsing:**

Í 4. kafla greinargerðar og skipulagsskilmála um Athafnasvæði Hestamannafélags Sörla<sup>1</sup> sem heitir „ 4. SÉRSTAKIR SKILMÁLAR FYRIR EINSTAKA HÚSGERÐIR“ segir að í hesthúsum á félagssvæði Sörla: „Í þessum húsum er mögulegt að vera með atvinnustarfsemi tengda hestamennsku s.s. járningar, tamningar, söðlasmíði o.þ.h.“

Orðalag þetta tekur ekki skýrt á því hvort „hestamennska“ sé eina leyfilega starfsemin í húsunum Þar að auki er gildissvið orðsins „hestamennska“ er ekki skýrt sérstaklega í greinargerðinni en orðalagið „s.s.“ bendir til þess að ekki sé um tæmandi talningu að ræða, þ.e. „járningar, tamningar, söðlasmíði“ er ekki það eina sem fylgir hestamennsku.

Þannig er rík hefð fyrir því að halda ketti í hesthúsum auk hesta þar sem kettir sjá til þess að mýs og rottur fjölgi sér ekki í hesthúsunum.

Ef orðalagið í köflum 4.2-4.5. er túlkað með þeim þrengjandi hætti að „járningar, tamningar, söðlasmíði“ séu eina heimila háttsemin í húsgerðum þeim sem vísað er til í köflum 4.2-4.5, fyrir utan að halda hesta, er ljóst að sú rótgróna hefð að halda ketti í húsunum er ekki heimil. Það sama má segja um allt annað er tengist hestamennsku en felur ekki í sér járningar, tamningar og söðlasmíði.

Slík túlkun myndi vissulega fela í sér allmiklar takmarkanir á athafnafrelsi og eignarrétti eigenda húsanna og er eflaust ekki sú túlkun sem Hafnarfjarðarbær ætlaði sér þegar deiliskipulagið var skrifað.

Er því mikilvægt að deiliskipulaginu verði breytt á þá leið að tekinn sé allur vafi um að kattahald sé leyfilegt í ofangreindum húsgerðum, þ.m.t. umönnun villi- og vergangskatta, líkt og sú umönnun sem

---

<sup>1</sup> [https://www.hafnarfjordur.is/media/uppland/Skilmalar\\_25.08.2008.pdf](https://www.hafnarfjordur.is/media/uppland/Skilmalar_25.08.2008.pdf)

sjálfboðaliðasamtökin VILLIKETTIR sinna. Skal það sérstaklega tekið fram að ekki er um atvinnustarfsemi eða kattarækt að ræða, heldur aðhlyningu geldra katta í sjálfboðaliðastarfi.

### Niðurlag:

Óskað er eftir ofangreindri breytingu á deiliskipulagi. Einnig er óskað eftir leiðbeiningum frá byggingafulltrúa um hvaða viðbótarfylgigögn skuli fylgja beiðni þessari. Sjálfsgagt er að veita frekari rökstuðning, sé þess óskað.

Fyrir hönd VILLIKATTA,

Arndís Sigurgeirsdóttir

### Viðauki:

1. Almennar upplýsingar um VILLIKETTI

### Um VILLIKETTI:

Aðaltilgangur félagsins er að sporna við fjölgun villikatta, en undanfarið hefur björgun og aðhlyning á vergangsköttum verið stækkandi þáttur í starfsemi félagsins. Það er því miður að verða meira um að kettir finnist umkomlausir. Þeir eru margir hverjir illa farnir eftir hrakningar og vergang og þurfa því yfirleitt á einhverri lækniþjónustu að halda, þó mismikilli. Þessir kettir eru teknir inn og fá svo aðhlyningu eftir þörfum.

Auglýst er eftir eigendum á öllum viðkomandi miðlum á veraldarvefnum, ef enginn gefur sig fram er hafin leit að nýju heimili. Kettir sem fara frá okkur eru annaðhvort þegar geldir eða að öðrum kosti fá nýjir eigendur inneign í geldingu ef um kettling er að ræða. Allt er þetta gert til að sporna við óhóflegri fjölgun katta og til að bæta lífsgæði þeirra dýra sem frá okkur fara.

Á síðasta ári komum við rúmlega 600 köttum á landsvísu til aðstoðar á einn eða annan hátt. Af þeim fóru rúmlega 400 kettir á sitt framtíðarheimili. Eins og sést á þessum tölum, er virkileg þörf á starfi VILLIKATTA og fer sú þörf vaxandi með ári hverju.

Við notumst við aðferðina fanga-gelda-skila (e. Trap-Neuter-Return, eða TNR), sem er alþjóðleg aðferðafræði um hvernig megi mannúðlega takast á við villikattarstofna án þess að aflífa þá. Sumar aðferðir sem áður hafa viðhafst á Íslandi eru grimmilegar, hvort sem það hefur verið eittrað fyrir þeim eða dýrin hreinlega skotin á færi. Þess í stað eru villikettir fangaðir, geldir og skilað aftur út á sín svæði án þess að þeir fjölgi sér frekar.

Margar rannsóknir styðja að TNR sé gagnleg aðferð. Þær sýna fram á allt að 36% fækkun villtra kattastofna á tveimur árum ef aðferðinni er beitt og allt að 66% fækkun yfir 11 ár.

Þessi aðferðafræði hefur gefist sérlega vel í löndum þar sem henni er beitt og er fylgt eftir. Dýraverndunarfélagið Villikettir er alfarið starfrækt í sjálfböðavinnu. Hjá félaginu starfar fjöldi sjálfböðaliða sem alltaf eru reiðubúnir til góðra verka. Sjálfböðaliðarnir okkar eru ávallt til staðar og vinna sína vinnu af óþrjótandi dugnaði. Félagið gæti heldur ekki starfað ef það væri ekki fyrir góðvild og stuðning fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Húsnæðiskostur, rekstur, dýralæknakostnaður og fóður fyrir kettina er algjörlega fjármagnað með framlögum